

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. mars 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.) 389. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Ákærendafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.).

Ákærendafélag Íslands styður frumvarpið og er sammála þeim breytingum sem þar eru lagðar til. Félagið leggur þó til að sú breyting verði gerð á 3. gr. frumvarpsins að 2. mgr. verði felld inn í 1. mgr. 3. gr., þannig að skoðun myndefnis verði einnig talin upp í 1. mgr. ákvæðisins og ekki gerður neinn greinarmunur á háttsemi, hvað skoðun myndefnis varðar. Þannig eigi grófleikamatið einnig við þegar einungis er um skoðun myndefnis að ræða líkt og hvað önnur atriði varðar sem talin eru upp í 1. mgr. ákvæðisins.

Þannig gæti 1. mgr. hljóðað svo „Hver sem framleiðir, flytur inn, aflar sér eða öðrum, dreifir, hefur í vörslum sínum, *eða skoðar á netinu eða með annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni myndefni sem sýnir kynferðislega misnotkun á barni eða sýnir barn á kynferðislegan hátt skal sæta sektum, eða fangelsi allt að 6 árum. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til umfangs brots, hvort það sé framið á kerfisbundinn eða skipulagðan hátt, hvort lífi barns hafi verið stofnað í hættu, hvort barn hafi verið beitt grófu ofbeldi eða hvort barn hafi beðið líkams- eða heilsutjón“.*

Í samræmi við þetta yrði tilvísun í 2. mgr. í 3. mgr. ákvæðisins einnig felld brott.

F.h. Ákærendafélags Íslands



Dagmar Ösp Vésteinsdóttir, formaður